



# 100 Brunatrygging lausafjár

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. Skilgreiningar.

- 1.1 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
- eldsvoði**, laus eldur sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa,
  - elding**, varma- eða kraftverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar,
  - sprenging**, efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna,
  - hrap**, tjón af völdum loftfars eða hluta sem falla úr loftfari,
  - skyndilegt sótfall**, skemmdir vegna skyndilegrar sótmengunar frá eldstæði sem ætlað er til að hita upp húsnæði enda sé gerð eldstæðis í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli,
  - félagið**, TM tryggingar hf.,
  - vátryggingarsamningalög**, lög um vátryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.

### 2. Gildissvið vátryggingarinnar.

- 2.1 Vátryggingin tekur til tjóns á vátryggðu lausafé af eftirfarandi orsökum: eldsvoða, eldingu, sprengingu, hrap og skyndilegu sótfalli.
- 2.2 Auk tjóns af völdum sprengingar, sbr. (samanber) gr. (grein) 1.1 c, bætir félagið skemmdir á gufukatli eða háþrýstisúðkerfi er hljótast af yfirþrýstingi sem myndast óviljandi við venjulega notkun tækisins.

### 3. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

- 3.1 Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin atvik:
- þegar ekki er um eldsvoða að ræða, t.d. (til dæmis) þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar,
  - brunaskemmdir sem hljótast af því að hlut er af ásettu ráði stofnað í hættu af eldi eða hita við upphitun, þurrkun, suðu, bræðslu eða annað þess háttar,
  - skammhlaup eða önnur hrein rafmagnsfyrirbæri sem valda skemmdum á raftækjum eða rafeindatækjum nema atvikið valdi eldsvoða eða sé bein afleiðing eldsvoða,
  - þurrsuðu,
  - þegar skemmdir hljótast af völdum sprengiefnis sem loftfar flytur,
  - stríð, óeirðir, uppþot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
  - tjón sem hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
  - eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og aðrar náttúruhamfarir nema annars sé sérstaklega getið,
  - hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.

### 3.2 Vátryggingin tekur ekki til:

- rekstrartaps eða annars óbeins taps,
- taps eða tjóns, sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.  
Undanþága þessi á við allar dagsetningar, hvort sem þær tengjast komandi aldamótum eða öðrum tíma.

Með “**dagsetningu**” er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tímasetningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess hvoru tveggja.

Með “**búnaði**” er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra ápreifanlega hluti eða hóp hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi, þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur.

Með “**kerfi**” er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þess og hvers konar miðil fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða annars óápreifanlegs eða ápreifanlegs.

**Undanþága þessi nær ekki til tjóns, sem stafar af bruna, sprengingu, hrap, þjófnaði eða vatnsskaða.**

### 4. Verðmæti sem vátryggingin tekur til og varúðarregla.

- 4.1 Verðmæti þau sem vátryggingin tekur til er lausafé í eigu vátryggingartaka. Ef annað kemur ekki fram í vátryggingarskrteininu merkir lausafé eftirfarandi:



# 100 Brunatrygging lausafjár

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- a. vörur, þ. á m. (þar á meðal) hráefni, hálfunnar vörur og fullunnar, umbúðir, húsmunir, innréttingar, vélar og annar rekstrarbúnaður, þ.á m. verkfæri, áhöld og ökutæki sem ekki eru skráningarskyld skv. (samkvæmt) umferðarlögum,
  - b. tölvuforrit, bókhaldsgögn, tækniteikningar, líkön o.þ.h. (og þess háttar) sem endurnýjuð eða endurunnin eru eftir tjónsatburð,
  - c. reiðufé, peningáigildi, verðbréf, handrit og skjöl sem geymd eru á váttryggingarstaðnum.
- 4.2 Greiðsluskylda félagsins vegna verðmæta sem falla undir gr. 4.1b. takmarkast á hverju váttryggingartímabili við 15% af váttryggingarfjárhæðinni en þó að hámarki við upphæð sem nánar er tilgreind í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 4.3 Greiðsluskylda félagsins vegna verðmæta sem falla undir gr. 4.1c. takmarkast á hverju váttryggingartímabili við 1% af váttryggingarfjárhæð en þó að hámarki kr. 1.000.000-. Um þau verðmæti gildir jafnframt sú varúðarregla að þau skulu ætíð geymd í læstum peningaskáp og lykjar geymdir tryggilega þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim, en brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

## 5. Verðmæti sem váttryggingin tekur ekki til.

- 5.1 Váttryggingin tekur ekki til lausafjár sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignar.
- 5.2 Váttryggingin tekur heldur ekki til eftirtalinna muna nema þess sé getið sérstaklega í váttryggingarskírteininu:
  - a. göðmálma, gimsteina, perla, skartgripa og úra,
  - b. skráningarskyldra vélknúinna ökutækja, skipa, báta eða loftfara nema í framleiðslu, viðgerð eða til sölu hjá váttryggingartaka.

## 6. Lausafé í eigu þriðja manns.

- 6.1 Ef váttryggingartaki ber skaðabótaábyrgð vegna skemmda á lausafé sem hann hefur í vörslum sínum og nýtir í eigin þágu en er í eigu þriðja manns, svo sem munir sem keyptir eru á kaupleigusamningum, tekur váttryggingin einnig til þess enda sé það ekki tryggt með annarri váttryggingu.
- 6.2 Reglur um váttryggingu undir verði (undirtryggingu) skv. 8. gr. gilda einnig um lausafé í eigu þriðja manns.

## 7. Váttryggingarverðmæti.

- 7.1 Váttryggingarverðmæti húsmuna, véla og annars rekstrarbúnaðar miðast við nývirði þ.e. (það er) þá upphæð er þurft hefði til kaupa á hlutum þeim er fórust eða skemmdust með því verðlagi sem síðast var á slíkum hlutum áður en tjónið bar að höndum án frádráttar vegna aldurs og notkunar en að frádraginni hæfilegri fjárhæð vegna verðryrnunar sökum minnkaðs notagildis eða annarra atvika.
- 7.2 Váttryggingarverðmæti hluta sem váttryggður hefur sjálfur framleitt til sölu skal ákveðið í samræmi við verð það sem fengist hefði fyrir þá síðast áður en váttryggingaratburður gerðist við sölu þeirra með venjulegum skilmálum að frádraginu venjulegum sölukostnaði, verslunaráhættu og hagræði af því að verðið er greitt út í hönd. Þó skal aldrei greiða hærri bæt看ur en nauðsynlegar eru til að bæta tjón það sem orðið hefur.
- 7.3 Váttryggingarverðmæti hluta sem váttryggður er að framleiða í því skyni að selja síðar skal miða við framleiðslukostnað að viðbættum hluta af almennum kostnaði, en að öðru leyti, og eftir því sem við getur átt, skal verðmætið ákveðið eftir þeim reglum sem greinir í gr. 7.2.
- 7.4. Váttryggingarverðmæti hlutar, sem greinar gr. 7.1 til 7.3 taka ekki til, skal nema þeirri upphæð sem þurft hefði til kaupa á hlutum með því verðlagi, sem síðast var á honum áður en váttryggingaratburðurinn gerðist, að frádraginni hæfilegri verðryrnun vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika.
- 7.5 Reki váttryggður virðisaukaskattskylda starfsemi og getur talið virðisaukaskatt af kostnaði við endurbætur á váttryggðum hlutum til innskatts samkvæmt reglum laga um virðisaukaskatt skal váttryggingarverðmæti þeirra lækka sem innskattinum nemur. Að sömu skilyrðum fullnægðum skal og lækka bæt看ur sem innskattinum nemur, þegar bæt看ur eru greiddar fyrir viðgerð á hlut.

## 8. Váttrygging undir verði.

- 8.1 Sé váttryggingarfjárhæð lægri en váttryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.



# 100 Brunatrygging lausafjár

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 9. Verðtrygging.

- 9.1. Vátryggingarfjárhæðir og aðrar fjárhæðir sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun til afmörkunar á ábyrgð félagsins breytast einu sinni á ári við upphaf vátryggingartímabils í hlutfalli við breytingar á vísitölu neyslulverðs til verðtryggingar.

### 10. Svik og aðrar rangar upplýsingar.

- 10.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 10.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 11. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 11.1 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

### 12. Breytt áhætta.

- 12.1 Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust:
- ef starfsemi hans eða vátryggt lausafé er flutt á annan stað en getið er í skírteininu,
  - ef aðrar breytingar, t.d. varðandi gerð eða notkun vátryggðra eigna, sem auka hættu á tjóni, verða á starfsemi hans eða hlutum sem vátryggingin tekur til,
  - ef keypt er önnur vátrygging sem tekur til sömu áhættu,
  - ef eigendaskipti verða, þ. á m. ef rekstrarform breytist.
- 12.2 Félagið áskilur sér rétt til að segja vátryggingunni upp með 30 daga fyrirvara eða breyta vátryggingarkjörum ef einhverjar breytingar verða sem getið er í 1. mgr. (málgrein).
- 12.3 Láti vátryggður hjá líða að tilkynna breytingar skv. 1. mgr. getur hann misst rétt til vátryggingarbóta eftir reglum vátryggingarsamningalaga.

### 13. Viðbætur og endurbætur.

- 13.1 Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust um hvers konar viðbætur, endurbætur eða aðra verulega verðaukningu á vátryggðri eign. Vanræksla í þessu efni leiðir til lækunar bóta skv. reglum um vátryggingu undir verði, sbr. 8. gr.

### 14. Sérákvæði um verslanir.

- 14.1 Ef þess er sérstaklega óskað, gildir fyrir verslanir á tímabilinu frá 15. nóvember til 15. janúar 20% hærrí vátryggingarfjárhæð í bruna-, vatnstjóns- og innbrotspjófnaðartryggingu en á öðrum tíma vátryggingartímabilsins.

### 15. Gildistími.

- 15.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 16.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.



# 100 Brunatrygging lausafjár

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

15.2 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningnum upp á váttryggingartímanum til að flytja váttrygginguna til annars félagsins.

15.3 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

### 16. Greiðsla iðgjalds.

16.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

16.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

16.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

16.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

16.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.

16.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 17. Váttryggingarstaður.

17.1 Sé annars ekki getið tekur váttryggingin aðeins til tjóns er verður á þeim stað sem greindur er í váttryggingarskírteininu.

### 18. Tilkynning um tjón - Ráðstafanir vegna tjóns.

18.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin nái til verði gerð á hendur honum.

18.2 Ef váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hætta er á því að hann muni bera að höndum ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.

18.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

18.4 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1. til 3. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta efir lögum um váttryggingarsamninga.

### 19. Greiðsla bóta og vextir.

19.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

### 20. Lög um váttryggingarsamninga.

20.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda váttryggingarsamningalög um hann.

### 21. Lög um váttryggingasamninga, lausn ágreiningsmála o.fl.(og fleira)..

21.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til



# 100 Brunatrygging lausafjár

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

21.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.

21.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### Skráning í tjonagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjonagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjonagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjonþola, tjon snúmer, tegund váttryggingar og tjon, dagsetning tjon og skráningar, staðsetning tjon og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjon fær félagið yfirlit yfir öll tjon sem tjonþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjonagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjon og vinna að tjonauppgjöri hafa aðgang að tjonagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjonagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

## SÉRSKILMÁLAR (SKILDAGAR)

Eftirfarandi skildagar gilda ef þeirra er getið á skírteini eða iðgjaldskvittun:

### Nr. 1. Lekatrygging á lýsi.

Váttrygging þessi nær einnig til tjon á hinu váttryggða verðmæti sem verða kann við leka úr tankinum með þeim undantekningum sem á eftir greinir:

1. Undanþegið váttryggingunni er tjon sem verður í ófriði, uppreisn eða borgarróstum svo og í eða eftir jarðskjálfta, eldgos, flóð, aurskriðu, snjóflóð eða aðrar náttúruhamfarir nema váttryggingartaki geti fært sönnur á að orsakir tjonins verði hvorki beint eða óbeint raktar til þessara atburða.
2. Váttryggingartaki ber sjálfur eigin áhættu 1% í hverju tjonstílfelli og reiknast upphæðin af heildartjonssupphæð.
3. Það er skilyrði fyrir þessari váttryggingu að haldin sé skrá yfir birgðir í tankinum (hverjum einstökum tanki) og breytingar skráðar eigi sjaldnar en í lok þess dags sem þær eiga sér stað. Skrár þessar skulu til reiðu fyrir félagið sé þess óskað.
4. Það er ennfremur skilyrði að gerð sé athugun á ástandi tanksins og tilheyrandi leiðslum af Vinnueftirliti ríkisins og að fyrir liggi vottorð þess, þess efnis að tankurinn fullnægi kröfum um styrkleika eins og þær kunna að vera þá er váttrygging tekur gildi. Síðar skal eigi skoðað sjaldnar en annað hvert ár.

### Nr. 2. Foktrygging.

Váttrygging þessi bætir tjon á hinu váttryggða sem rekja má til óveðurs þegar vindhraði hefur náð yfir 28,5 m/sek. samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands.

Hafa skal til hliðsjónar skráðar heimildir Veðurstofu Íslands um veðurhæð þegar tjonnið átti sér stað.

Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjonssstað þegar tjonnið varð skal hafa til hliðsjónar hvort illviðri hafi valdið öðrum skaða á sömu slóðum þegar tjonatburðurinn varð.

Tjon af völdum sandfoks bætist ekki.

Eigin áhætta váttryggingartaka í hverju tjonni er tilgreind á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.



# 100 Brunatrygging lausafjár

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### Nr. 3. Sjálfvikveikja í mjöli (varúðarreglur).

Vátrygging þessi nær einnig til tjóns á hinu vátryggða verðmæti sem orsakast af sjálfvikveikju með hliðsjón af neðangreindum varúðarreglum, en brot gegn þeim getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

1. Gæta skal þess að mjölið sé ekki of rakamikið það er að raki sé ekki yfir 12%.
2. Gæta skal þess að mjölið sé ekki ofþurrkað og þannig of rakalítið það er að raki sé ekki undir 6%.
3. Kæling: Gæta skal þess að mjölið sé kælt nægilega áður en því er staflað. Loftræsting hússins skal vera ör og greið meðan hiti er í mjölinu. Ef um er að ræða mjöl í bréfpokum sem lengur er að kólna en mjöl í strigapokum skal því staflað eins og greinir í 4. Tölulið þannig að kæling geti átt sér stað eftir að mjölið er komið í stæður.
4. Stöflun: Gæta skal þess að:
  - a. Þykkt pokastæðunnar sé alls ekki meiri en 1½-2 pokalengdir en þá komi dálítið bil báðum megin (til loftræstingar), hæð stæðunnar má vera eftir vild,
  - b. ef staflað er á enda skal gæta þess eins og kostur er að poki komi beint ofan á næsta poka en loka sem minnst glufunum milli þeirra, rúmtak slíkra pokastæða sé ekki meira en það að hægt sé með góðu móti að fylgjast með hitastigi mjölsins.
5. Fylgjast skal reglulega með hitastigi mjölsins með mælingu eða á annan hátt og leysa strax upp stæður reynist hitinn óeðlilega mikill.

### Nr. 4. Skreiðarskilmálar.

Vátryggingin bætir tjón af völdum bruna frá því að vátryggingartaki tekur við fiskinum til verkunar, í verkun, þökkun og geymslu þar til afskipun fer fram.

Vátryggingin bætir einnig tjón er verða kann á fiskinum ef trönur eða hjallar fjúka í óveðri (sjá skildaga um Foktryggingu).

### Nr. 11. Vörur í frystigámum.

Um vörur í frystigámum gilda eftirfarandi varúðarreglur, en brot gegn þeim getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

1. Viðurkennt kælifyrirtæki hafi tæknilegt eftirlit með frystigámnum og geri skýrslu á 6 mánaða fresti um ástand hans. Afrit skýrslunnar skal senda til félagsins.
2. Ræsirofar og straumkaplar skulu vera þannig að utanaðkomandi aðilar geti ekki rofið straum að gámnum.
3. Loftflæði í gámnum skal vera tryggt.
4. Síritaspjald í gámnum skal vera virkt.
5. Hitamælur í geymslugámum í eigu vátryggingartaka skulu vera minnst tveir, einn við sinn hvorn enda gámsins.

### Nr. 12. Köfnunartrygging á eldisdýrum.

Vátryggingin bætir það tjón sem verður er eldisdýr kafna af völdum súrefnisskorts, sem rekja má til skyndilegrar bilunar í loftræstibúnaði og vélum tengdum honum.

Tjón sem rekja má til ónógs viðhalds á framangreindum búnaði bætist ekki.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.